

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningshaldi sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir bankaeftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 11. apríl 1972.

Lúðvík Jósepsson.

Gylfi Knudsen.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Fastagjald.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 0,5% af fasteignamatsverði húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætla vatnsveitan gjaldið.

Notkunargjald.

3. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 15.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast um mælaaflestur.

Vatn til skipa og báta.**4. gr.**

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 30.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 200.00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 400.00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum. Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu þess samið.

5. gr.

Vatnsveitunni er heimilt, að ákveða fast árlegt vatnsgjald fyrir skip og báta, sem heimahöfn eiga í Vestmannaeyjum eða eru að staðaldri gerð þaðan út.

Fellur þá niður vatnsgjald skv. 4. grein.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, eða þegar mælingu verður ekki við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

Stofngjöld.**7. gr.**

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað.

8. gr.

Í stofngjald skal greiða 1% af fasteignamatssverði húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

9. gr.

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húseigandi greiða það, sem talizt getur umfram eðlilegan kostnað.

10. gr.

Gjöld skv. 8. og 9. gr. teljast að fullu gjaldfallin fyrir þau hús, sem vatn hefur verið tengt í fyrir 1. janúar 1972, en upphæð þeirra ræðst af efni eldri gjaldskrár fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 174 10. júní 1968.

11. gr.

Fyrir hús, sem vatn er tengt í eftir 1. janúar 1972, skal stofngjaldið greitt skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár og í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

12. gr.

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu bæjarsjóðs. Hins vegar mun Rafveita Vestmannaeyja annast um innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

13. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess, að notkunar- eða fastagjald hefur ekki verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings Rafveitunnar eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi bæjarsjóðs eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í 10. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða 1000.00 kr. í opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

14. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig um allt að 100%, eða lækkað þau um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis, enda verði gætt fyrir mæla l. nr. 94/1971, ákv. til bráðabirgða.

Fiskiðnaðurinn.**15. gr.**

Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi.

16. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari er átt við fasteignamat það, sem öðlaðist gildi um áramótin 1971—1972.

17. gr.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1972.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 174 10. júní 1968 með breytingu nr. 99 frá 8. apríl 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 11. apríl 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.****1. gr.**

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.